

## ÁFRÝJUNARNEFND SAMKEPPNISMÁLA

### úrskurður í máli nr. 7/2012

### Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ)

#### gegn

#### Samkeppniseftirlitinu

## I

### KRÖFUR MÁLSADILA

Með kæru, dagsettri 14. desember 2012, hafa Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda (hér eftir nefndur áfrýjandi), kært ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2012, frá 19. nóvember 2012, til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Í hinni kærðu ákvörðun komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að ekki væru forsendur til íhlutunar eftirlitsins í tilefni af erindi áfrýjanda frá 25. maí 2011.

Áfrýjandi krefst þess að áfrýjunarnefnd samkeppnismála ógildi hina kærðu ákvörðun þ.e. þann hluta sem fjallar um fjárhagslegan aðskilnað í samræmi við 14. gr. samkeppnislaga. Þá er þess krafist að áfrýjunarnefndin kveði á um fjárhagslegan aðskilnað á milli annars vegar útgerðar og hins vegar vinnslu sjávarafla hjá eftirtöldum fyrirtækjum: HB Granda hf., Vísi hf., Brimi hf. og Samherja hf. Til vara er þess krafist að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins verði ógilt á þeim grundvelli að málsmeðferðarreglur hafi verið brotnar við meðferð málsins.

Samkeppniseftirlitið krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

## II

### MÁLSMEDFERÐ HJÁ SAMKEPPNISEFTIRLITINU

Samkeppniseftirlitinu barst þann 25. maí 2011 erindi frá áfrýjanda. Í erindinu var fjallað um þrjú atriði sem áfrýjandi taldi að raskaði samkeppni og kallaði á aðgerðir samkeppnisyfirvalda.

Í fyrsta lagi var krafist fjárhagslegs aðskilnaðar í samræmi við 14. gr. samkeppnislaga á milli útgerðar og fiskvinnslufyrirtækja sem stunda bæði veiðar og vinnslu afla (lóðrétt samþætt útgerð). Í öðru lagi var farið fram á að Samkeppniseftirlitið rannsakaði meinta misnotkun tiltekinna lóðrétt samþættra útgerðarfyrirtækja á markaðsráðandi stöðu. sbr. 11. gr. samkeppnislaga. Í þriðja lagi taldi áfrýjandi að hegðun útgerðarfyrirtækjanna gæti einnig farið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Loks kom fram á fundi áfrýjanda með Samkeppniseftirlitinu í desember 2011 að hann teldi að íslensk útgerðarfélag stunduðu skaðleg undirboð á erlendum mörkuðum.

Að lokinni gagnaöflun og rannsókn lauk Samkeppniseftirlitið málinu 19. nóvember 2012 með hinni kærðu ákvörðun nr. 28/2012 og með álitni nr. 2/2012, til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra.

Í álitni nr. 2/2012 til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra er fjallað um samkeppnisstöðu annars vegar útgerða sem ekki stunda fiskvinnslu og hins vegar fiskvinnslufyrirtækja sem ekki stunda jafnframt veiðar á sjávarafli, gagnvart lóðréttri samþættum útgerðum sem bæði stunda veiðar og vinnslu. Lýst er tilteknum aðstöðumun milli þessara tegunda fyrirtækja sem er til þess fallinn að raska samkeppni. Í álitinu er mælt til þess að ráðherra beiti sér fyrir því að dregið verði úr þeim samkeppnislegu vandamálum sem leiða af lagaumhverfi sjávarútvegs.

Í hinni kærðu ákvörðun nr. 28/2012 hafnaði Samkeppniseftirlitið að beita bannreglum samkeppnislaga og heimild til fjárhagslegs aðskilnaðar.

Um málsatvik að öðru leyti vísast til gagna málsins.

### III

#### MÁLSMEDFERÐ HJÁ ÁFRÝJUNARNEFNDINNI

Greinargerð Samkeppniseftirlitsins sem svar við kærðu áfrýjanda barst 21. desember 2012. Athugasemdir áfrýjanda við greinargerðinni bárust 7. janúar 2013. Samkeppniseftirlitinu var gefið færi á að svara þeim og bárust þau svör 14. janúar 2013. Svörin voru send áfrýjanda til upplýsingar.

Eftirtöldum hagsmunaaðilum var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum í málinu: HB Granda hf., Samherja hf., Þorbirni hf., Brimi hf., Vísi hf., Vinnslustöðinni hf., FISK Seafood hf., Ramma hf., Nesfisks ehf., Skinney-Þinganesi

hf., atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og Verðlagsstofu skiptaverðs. Athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum, HB Granda hf., Samherja hf. og Vinnslustöðinni hf.

Afgreiðsla málsins hefur m.a. dregist sökum þess að skipa þurfti formann áfrýjunarnefndar til að fara með málið.

## IV

### RÖKSEMDIR MÁLSADILA

#### 1. *Málsástæður áfrýjanda*

Áfrýjandi byggir á því að Samkeppniseftirlitið hafi í hinni kærðu ákvörðun komist að rangri niðurstöðu við túlkun sína á 14. gr. samkeppnislaga. Hann bendir á að ákvæðið hafi verið lögfest í samkeppnislögum nr. 8/1993, en í ákvæðinu í núverandi mynd komi fram að þegar um sé að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfi að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar, sé Samkeppniseftirlitinu heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem njóti einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem sé í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Í lögskýringargögnum með ákvæðinu komi fram að ákvæðinu sé ætlað að styrkja samkeppni einkum þar sem yfirburðaaðstaða í skjóli ríkisvalds ríki. Af texta laganna og með hliðsjón af lögskýringargögnum megi ætla að kröfur áfrýjanda rúmist fyllilega innan gildissviðs 14. gr. samkeppnislaga og unnt sé að beita 14. gr. í samræmi við kröfur hans.

Áfrýjandi vísar til 4., 5. og 9. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og telur að af þeim leiði að sá sem njóti aflaheimilda njóti einstakra réttinda til þess að veiða og hagnýta takmörkuð gæði sjávar. Umrædd réttindi séu veitt með lagaheimild sem sé ein birtingarmynd opinbers valds. Með þeim geti þeir sem njóti réttindanna séð vinnslu sinni fyrir hráefni með öruggari og hagkvæmari hætti í skjóli þessa opinbera valds. Búa þessir aðilar því við annan og betri rétt en þeir sem vinna fisk en njóta ekki einkaréttar.

Áfrýjandi bendir á að í málinu reyni á hvort að veiðileyfi og það að njóta aflaheimilda í skilningi laga um stjórn fiskveiða geti talist „opinbert einkaleyfi“ eða „vernd“ í skilningi 14. gr. samkeppnislaga. Áfrýjandi telur að af almennri textaskýringu

ákvæðisins og með hefðbundin lögskýringarsjónarmið að leiðarljósi verði að telja að svo sé. Því til viðbótar megi nefna að önnur lögskýringarsjónarmið leiði til sömu niðurstöðu. Bendir áfrýjandi á að hliðstætt ákvæði sé hvorki að finna í löggjöf Evrópusambandsins né EES-samningnum. Þá hafi hin Norðurlöndin ekki innleitt ákvæði í líkingu við 14. gr. í sína löggjöf en þar séu hins vegar ákvæði um einkaleyfi, þ.e. „exclusive rights“ og „special rights“. Telur áfrýjandi að hægt sé við túlkun 14. gr. að líta til sambærilegara ákvæða Evrópulöggjafarinnar, sbr. 59. gr. EES-samningsins og 106. gr. Rómarsamningsins, þaðan sem ákvæðið eigi uppruna sinn. Áfrýjandi bendir á að við túlkun á hugtakinu „opinbert einkaleyfi“ sé viðurkennt sjónarmið að líta til efnis fremur en forms réttinda. Þannig geti veiðileyfi og aflaheimildir í skilningi laga um stjórn fiskveiða falið í sér „opinbert einkaleyfi“ í skilningi 14. gr. jafnvel þótt löggin kveði á um veitingu veiðileyfis eða aflaheimilda en ekki einkaleyfis eða einkaréttar.

Áfrýjandi telur að sú niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að veiðileyfi á grundvelli laga um stjórn fiskveiða geti ekki talist opinbert einkaleyfi í skilningi 14. gr. samkeppnislaga sé röng. Með vísan til markmiða samkeppnislaga, framkvæmdar Evrópuþómstólsins og túlkana fræðimanna telur áfrýjandi þvert á móti að veiðileyfi og aflaheimildir geti talist opinbert einkaleyfi í skilningi 14. gr. samkeppnislaga.

Áfrýjandi telur að fyrirkomulag laga um stjórn fiskveiða að veita veiðileyfi og aflaheimildir geti talist vernd í skilningi 14. gr. samkeppnislaga. Í lagaákvæðinu sé ekki gerður reki að því að útskýra hvað felist í hugtakinu en með vísan til túlkunar samkeppnisyfirvalda á hugtakinu sé ljóst að túlkunin sé nokkuð rúm. Hann bendir á að ekki sé að finna sérstaka skýringu í hinni kærðu ákvörðun af hverju útgerðarfélögin njóti ekki verndar í skilningi 14. gr. samkeppnislaga. Það að njóta verndar opinberra aðila feli í sér talsvert rúmt gildissvið. Áfrýjandi telur að verndin felist í því að ákveðnum takmörkuðum gæðum sé ráðstafað til útgerðarfélaganna sem geti veitt fisk á grundvelli heimilda sinna. Ef einhver annar hyggst veiða fisk án þess að njóta tilskildra veiðileyfa eða aflaheimilda bregðist hið opinbera við með viðurlögum, sbr. VI. kafli laga um stjórn fiskveiða. Þannig þurfi útgerðarfélögin ekki að beita sér fyrir réttindum sínum á grundvelli veiðileyfis eða aflaheimilda heldur sé það hlutverk falið opinberum aðilum.

Áfrýjandi bendir á að með vernd hins opinbera í formi úthlutunar veiðileyfa og aflaheimilda myndast miklar aðgangshindranir fyrir aðra aðila á markaðinum. Með aðgangshindrunum á markaðinum sé enn frekar ýtt undir þá túlkun áfrýjanda að fiskvinnslur í eigu útgerða njóti verndar í skilningi 14. gr. samkeppnislaga. Áfrýjandi telur að verndin felist þannig í lögbundnum takmörkunum á nýtingu náttúruauðlinda en lagalegar hindranir séu skilgreindar sem einn undirflokkur aðgangshindrana.

Áfrýjandi byggir einnig á því að slíkir formgallar séu á hinn kærðu ákvörðun sem valdi því að ógilda eigi ákvörðunina. Telur áfrýjandi að málið hafi ekki verið rannsakað með fullnægjandi hætti í skilningi 10. gr. stjórnarsýslulaga og að hin kærða ákvörðun sé ekki rökstudd með fullnægjandi hætti eins og áskilið sé í 22. gr. stjórnarsýslulaga. Telur áfrýjandi að hin kærða ákvörðun sé haldin svo alvarlegum annmörkum vegna brota á meginreglu stjórnarsýsluréttarins um rannsókn máls sem og skorti á rökstuðningi að hann geti með engum hætti glöggvað sig á því hvers vegna Samkeppniseftirlitið hafnaði kröfu hans um fjárhagslegan aðskilnað.

## **2. Málsástæður Samkeppniseftirlitsins**

Samkeppniseftirlitið bendir á að ákvæði 14. gr. samkeppnislaga hafi að geyma heimild til þess að mæla fyrir um að aðgreina skuli fjárhagslegan rekstur þeirrar starfsemi sem sé í samkeppni frá rekstri annarrar starfsemi sem njóti opinbers einkaleyfis eða verndar. Tilgangur ákvæðisins sé að koma í veg fyrir að samkeppnisrekstur sé niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi og af lögskýringagögnum sé ljóst að einkum voru hafðar í huga aðstæður þar sem um yfirburðastöðu í skjóli ríkisvalds sé að ræða. Samkeppniseftirlitið telur að til þess að unnt sé að beita ákvæðinu verði viðkomandi fyrirtæki að vera annað hvort opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem „starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar ...“. Yfirleitt leiki ekki vafi á því hvort um sé að ræða opinbert fyrirtæki eða hvort fyrirtæki njóti opinbers einkaleyfis. Samkeppniseftirlitið bendir á að úrskurðir áfrýjunarnefndar samkeppnismála gefi leiðbeiningu um hvenær fyrirtæki starfi að einhverju leyti í skjóli verndar. Af þeim verði að draga þá ályktun að til þess að ákvæði 14. gr. samkeppnislaga eigi við verði hin opinbera vernd að vera með einhverjum hætti formlega í gildi eða í framkvæmd. Ekki sé unnt að beita ákvæðinu, ef vernd eða einkaleyfi sé ekki fyrir hendi, án tillits til þess hvort viðkomandi fyrirtæki kunni enn

að njóta samkeppnislegs forskots vegna atvika sem áttu sér stað þegar það naut einkaleyfis.

Samkeppniseftirlitið bendir á að í hinni kærðu ákvörðun sé vísað til þess að í núgildandi lögum um stjórn fiskveiða komi fram að aflamarki sé úhlutað á grundvelli veiðireynslu á tilteknu tímabili. Að mati Samkeppniseftirlitsins sé ljóst að þessi ákvæði geti ekki falið í sér opinbera vernd eða einkaleyfi í skilningi samkeppnislaga. Hér sé um að ræða hlutlæg viðmið sem í upphafi tóku jafnt til allra sem eins var ástatt um. Ekki sé því um að ræða viðvarandi vernd eða einkarétt skv. 14. gr. samkeppnislaga. Því síður geti handhafar svonefndra annarrar kynslóðar aflaheimilda fallið undir 14. gr. samkeppnislaga. Flestar varanlegar aflaheimildir hér á landi hafi skipt um hendur, þ.e. verið framseldar á einhverjum tíma. Handhafar annarrar kynslóðar aflaheimilda hafi því greitt fyrir þær endurgjald og geti því ekki talist verndaðir í skilningi samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið telur að 59. gr. EES-samningsins eigi ekki við í málinu eins og áfrýjandi haldi fram. Bendir eftirlitið á að áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafi bent á að hafa megi hliðsjón af samkeppnisákvæðum EES/ESB-réttar við túlkun á ákvæðum samkeppnislaga. Það eigi þó aðeins við að því tilskildu að um sé að ræða efnislega sambærileg ákvæði. Ákvæði 59. gr. EES-samningsins og 14. gr. samkeppnislaga séu ekki sambærileg og eigi því ekki við í málinu.

Samkeppniseftirlitið fellst á með áfrýjanda að í EES/ESB-rétti sé ekki að finna ákvæði sem sé hliðstætt 14. gr. samkeppnislaga. Þetta blasi einnig við þegar ákvæðið sé borið saman við 59. gr. EES-samningsins. Hugtökin „sérstök réttindi“ og „einkaréttur“ í 59. gr. EES-samningsins nái til allt annarrar aðstöðu en fjallað sé um í 14. gr. samkeppnislaga. Einnig bendir Samkeppniseftirlitið á að kæra áfrýjanda taki til fyrirtækja sem starfi í sjávarútvegi. Sú atvinnugrein sé undanþegin ákvæðum EES-samningsins að töluverðu leyti. Samkeppnisákvæði EES-samningsins eigi því aðeins við um sjávarútveg á Íslandi með takmörkuðum hætti. Af þessu leiði einnig að tilvísun áfrýjanda til framkvæmdar í EES/ESB-samkeppniserétti standist ekki.

Samkeppniseftirlitið bendir á að áfrýjandi setji fram aðra kröfugerð í kæru varðandi þann þátt málsins sem varði fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu en hann gerði í erindi sínu til Samkeppniseftirlitsins í maí 2011. Í erindinu krafðist áfrýjandi fjárhagslegs aðskilnaðar hjá ótilgreindum fjölda fyrirtækja en í kæru setji áfrýjandi

fram kröfu um fjárhagslegan aðskilnað hjá fjórum stærstu útgerðarfyrirtækjum landsins. Samkeppniseftirlitið telur að aðalatriðið hér sé að ekki sé heimilt að beita 14. gr. samkeppnislaga til þess að kveða á um fjárhagslegan aðskilnað á milli útgerðar- og fiskvinnsluhluta lóðrétt samþættrar útgerðar vegna þess að efnisskilyrði ákvæðisins sé ekki uppfyllt í málinu. Nákvæmari kröfugerð áfrýjanda fyrir áfrýjunarnefndinni breyti ekki þessu.

Þá hafnar Samkeppniseftirlitið því að hafa brotið gegn rannsóknarreglunni við meðferð málsins og því að hafa ekki gætt að skyldu stjórnvalds til þess að rökstyðja ákvarðanir sínar, sbr. 10. og 22. gr. stjórnsýslulaga. Samkeppniseftirlitið telur að áfrýjandi hafi ekki sýnt fram á að málsmeðferðin hafi farið gegn þessum reglum stjórnsýsluréttarins. Samkeppniseftirlitinu virðist sem þessi málsástæða áfrýjanda byggji frekar á þeirri staðreynd að áfrýjandi sé ósammála niðurstöðu eftirlitsins en sérstökum umkvörtunum vegna meðferðar málsins. Áfrýjandi hafi ekki bent á með hvaða hætti brotið hafi verið gegn rannsóknarreglunni og þá telur Samkeppniseftirlitið að rökstuðningur þess í hinni kærðu ákvörðun hafi að öllu leyti uppfyllt skilyrði stjórnsýslulaga. Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hafi verið ítarlega rökstudd og vísast til ákvörðunarinnar í heild sinni um það.

## V

### Niðurstaða

#### 1.

Fyrir áfrýjunarnefndinni krefst áfrýjandi þess aðallega að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og mælt verði fyrir um fjárhagslegan aðskilnað á grundvelli 14. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, á milli annars vegar útgerðar og hins vegar vinnslu sjávarafla hjá fjórum útgerðarfyrirtækjum; nánar tiltekið HB Granda hf., Vísi hf., Brimi hf. og Samherja hf. Í erindi áfrýjanda til Samkeppniseftirlitsins, dagsett 25. maí 2011, krafðist áfrýjandi hins vegar fjárhagslegs aðskilnaðar hjá ótilgreindum fjölda fyrirtækja sem bæði stunda útgerð og vinnslu sjávarafla.

Áfrýjandi hefur ekki rökstutt sérstaklega hvers vegna krafa hans fyrir áfrýjunarnefndinni hefur breyst að þessu leyti og beinist nú eingöngu að framangreindum fjórum fyrirtækjum í stað ótilgreinds fjölda fyrirtækja áður.

Umræddum fjórum fyrirtækjum var veittur kostur á að koma að athugasemdum sínum fyrir áfrýjunarnefndinni. Þá liggur fyrir sú afstaða Samkeppniseftirlitsins að nákvæmari kröfugerð áfrýjanda fyrir áfrýjunarnefndinni hafi ekki áhrif á efnisskilyrði 14. gr. samkeppnislaga og þar með niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins í málinu.

Samkeppniseftirlitið lauk málinu með hinni kærðu ákvörðun og með áliti nr. 2/2012, *Mótun löggjafar um fiskveiðistjórnun – lóðrétt samþætting útgerðar og fiskvinnslu*, til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Í álitinu er fjallað um samkeppnisstöðu annars vegar útgerða sem ekki stunda fiskvinnslu og hins vegar fiskvinnslufyrirtækja sem ekki stunda jafnframt veiðar á sjávaraflla, gagnvart lóðrétt samþættum útgerðum sem bæði stunda veiðar og vinnslu. Í álitinu er lýst tilteknum aðstöðumun milli þessara tegunda fyrirtækja sem er til þess fallinn að raska samkeppni og í því er mælt til þess að ráðherra beiti sér fyrir því að dregið verði úr þeim samkeppnislegu vandamálum sem leiða af lagaumhverfi sjávarútvegs.

## 2.

Ákvæði 14. gr. samkeppnislaga hefur að geyma heimild til þess að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar milli þess hluta rekstrar fyrirtækis sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Til þess að unnt sé að beita ákvæðinu verður viðkomandi fyrirtæki að vera annað hvort opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar.

Óumdeilt er að HB Grandi hf., Vísir hf., Brim hf. og Samherji hf. eru ekki opinber fyrirtæki. Áfrýjandi heldur því hins vegar fram að um sé að ræða fyrirtæki sem starfi í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar, þar sem veiðileyfi og það að njóta aflaheimilda í skilningi laga um stjórn fiskveiða geti talist opinbert einkaleyfi eða vernd í skilningi 14. gr. samkeppnislaga. Ekki er fallist á þennan skilning áfrýjanda.

Í núgildandi lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 kemur fram að aflamarki sé úthlutað á grundvelli veiðireynslu á tilteknu tímabili, sbr. 9. gr. laganna. Er um að ræða hlutlæg viðmið, þ.e. veiðireynslu á tilteknu tímabili, sem í upphafi tóku jafnt til allra sem eins var ástatt um. Ekki er um að ræða viðvarandi vernd eða einkarétt samkvæmt 14. gr. samkeppnislaga, enda geta réttindi þessi gengið kaupum og sölum. Flestar varanlegar aflaheimildir hér á landi hafa þannig verið framseldar á



einhverjum tíma og því ljóst að handhafar svonefndra annarrar kynslóðar aflaheimilda hafa greitt fyrir þær endurgjald og geta ekki talist njóta verndar í skilningi samkeppnislaga.

Áfrýjunarnefndin getur ekki fallist á að hugtökin „sérstök réttindi“ og „einkaréttur“ í 59. gr. EES-samningsins séu efnislega sambærileg hugtökunum „einkaleyfi“ og „vernd“ í 14. gr. samkeppnislaga. Hér skiptir máli að ákvæði 14. gr. samkeppnislaga hefur þann tilgang að tryggja að fyrirtæki sem ríkið styður við niðurgreiði ekki samkeppnisrekstur. Ákvæði 59. gr. EES-samningsins heimilar hins vegar fyrirtækjum, sem falin eru mikilvæg verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu, að fara gegn ákvæðum EES-samningsins ef þau geta ekki með öðrum hætti sinnt þessum verkefnum sínum. Þar sem hugtökin „sérstök réttindi“ og „einkaréttur“ í 59. gr. EES-samningsins ná ekki til sömu aðstöðu og fjallað er um í 14. gr., er ekki unnt að beita fordæmum Evrópudómstólsins varðandi túlkun á hugtakinu opinbert einkaleyfi eða vernd í 14. gr. samkeppnislaga.

### 3.

Áfrýjandi krefst þess til vara að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins verði ógilt á þeim grundvelli að Samkeppniseftirlitið hafi við meðferð málsins brotið gegn rannsóknarreglunni og skyldu stjórnvalds til þess að rökstyðja ákvarðanir sínar, sbr. 10. og 22. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Þegar litið er til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins í heild sinni sérstaklega rökstuðnings vegna kröfunnar um fjárhagslegan aðskilnað, er það mat áfrýjunarnefndarinnar að málið hafi verið nægjanlega rannsakað áður en ákvörðunin var tekin, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga, og að ákvörðunin sé rökstudd í samræmi við kröfur 22. gr. stjórnarsýslulaga.

### Úrskurðarorð:

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 28/2012 frá 19. nóvember 2012, um að ekki séu forsendur til íhlutunar Samkeppniseftirlitsins í tilefni af erindi Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda til stofnunarinnar, er staðfest.

Reykjavík, 13. mars 2013

Guðrún Sesselja Arnardóttir

Anna Kristín Traustadóttir

Kristín Benediktsdóttir